

# Lög

um

gjald af innlendri vindlagerð og tilbúningi á konfekt og brjóstsykri.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Enginn má reka innlenda vindlagerð nje tilbúning á konfekt og brjóstsykri til sölu, hverrar tegundar sem er, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer frum. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs. Akvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindla-, konfekt- eða brjóstsykursgerð.

## 2 gr.

Fyrir hvert tví pund (kg.) af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru tilbúnir hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tollögum þeim, er í hvert sinn gilda. Fyrir hvert tví pund (kg.) af brjóstsykri og konfekt, sem er tilbúið hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð gjald, sem nemi þriðjungi aðflutningsgjalds þess, sem af þeim vörutegundum ber að greiða samkvæmt tollögum.

## 3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður en varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu.

Af birgðum þeim, sem fyrir liggja af innlendum konfekt og brjóstsykri þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, sem slíkan varning hefir til sölu, senda lögreglustjóra sínum innan viku drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefir, og greiða jafnframt gjaldið.

## 4. gr.

Vörugerdarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði. Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugerð um vörugerdina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu á þeim.

## 5. gr.

Nr. 31  
28. nóv.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugerðinni. Nú verður vörugærðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugærð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefir, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefir reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugærðarmanns um framtal vöru.

## 6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sjeu rjett skil ekki gerð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gera á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá, án undanfarandi birtingar, gera lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

## 7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál. Sektir allar renna í ríkissjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

## 8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil.

## 9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41, 16. nóv. 1907.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og út er gefin reglugjörð sú, er um ræðir í lögum þessum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalfuborg, 28. nóvember 1919.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L S.)

*Sig. Eggerz.*